

Upplýsingar um val – Raungreinabraut, 2. bekkur – Vor 2018

Nú er komið að því að þú veljir þér valgreinar fyrir 3. bekk. Til að ljúka námi til stúdentsprófs þarftu að ljúka 25 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 10 að tilheyra einkennisgreinum raungreinabrautar**, þ.e. raungreinum, raungreinaensku, sálfræði, stærðfræði, forritun og tölvufræði.

Miðað er við að þú **10 einingar í vali á haustönn í 3. bekk og 10 einingar á vorönn**. Skoðaðu vel á hvaða þrepum áfangarnir eru sem þú velur. Hafðu í huga hvaða undirbúningskröfur eru gerðar í því námi sem þú stefnir á að loknu stúdentsprófi og veldu valáfanga í samræmi við það. Aðgangsviðmið háskólanna má finna á heimasíðu skólans undir **NÁMIÐ – VALGREINAR – Samantekt á aðgangsviðmiðum íslenskra háskóla**, með ábendingum um námsval í MA miðað við nýja námskrá http://www.ma.is/static/files/Namid/2017-2018/Adgangsviðmid_ny_namskra.pdf

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknum **Valgreinar**, þar er bæklingur sem heitir **Valgreinabæklingur vor 2018** með stuttri lýsingu á hverjum áfanga. Athugið vel hver undanfari hvers áfanga er, þ.e. hvaða áföngum þið þurfið að hafa lokið til að geta skráð ykkur í tiltekna áfanga. Einnig þurfið þið að skoða hvaða áfangar falla undir sérgreinar brauta.

Mikilvægt er að þú kynnist þér vel **reglur um val** sem fram koma í valgreinabæklingi á bls. 4.

Mánudaginn 26. febrúar (námsmatsdagur) verður opið hús hjá brautastjórum og námsráðgjöfum í kjallara Gamla skóla. Þá getið þið komið og fengið ráðgjöf og leiðbeiningar um val á áföngum.

Valkynning verður eftir hádegi miðvikudaginn 28. febrúar, klukkan 14.40-16.05 en þá sitja kennarar fyrir svörum um þá áfanga sem í boði eru.

Þú skráir valið þitt í Innu og í valgreinabæklingi, bls. 5-6, er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig sú skráning fer fram.

Athugaðu að aðeins er hægt að velja einn áfanga úr hverri blokk, því að áfangar í sömu blokk eru kenndir á sama tíma.

Síðasti dagur til að skrá val í Innu er föstudagurinn 2. mars. Brautastjórar verða með aðsetur í Kvosinni fimmtudag 1. mars og föstudag 2. mars og aðstoða nemendur við skráningu. Námsráðgjafar verða einnig til aðstoðar við val og skráningu.

- SÍÐASTI DAGUR TIL AÐ SKRÁ VAL Í INNU ER FÖSTUDAGUR 2. MARS -

Áfangar í boði fyrir 3. bekk raungreinabrautar skólaárið 2018-2019

Hautönn 2018

Nemendur velja einn áfanga úr hvorri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá annarri hvorri blokkinni í staðinn. Skráning fer fram í Innu.

Blokk 1	Blokk 2	Utan blokka
BHBL2VA05	ENSK3AV05	ÍSLE2YN05
BÓKF1DH05*	FATA2SS05*	JARÐ2ÚT05**
FÉLA2AÞ05	FERÐ2ÍS05	ÞÝSK2BE05
FÉLA3KY04	FJÖL2UF05	ENSK3PL05
HÖTE2PH05*	FORR2FO05	
ÍSLE2KM05	HAGF2ÞJ05	
ÍÞFR2VA05	LÍFF3FM05	
JARÐ2VH05	LJÓS1GR05	
MYNL1GR05	RVÍS3GR05	
NÆRI3GR05	SAGA3TR05	
SAGA3LH05	SÁLF2FS05	
SAGA3VS05	SÝKL2SS05*	
SÁLF2JS03	VIÐS2PM05*	
SPÆN1BB05	VÍMA2LL05	
STÆR3LA05		
VIÐS2MS05*		
VÍMA2LL05		

* Kennt í VMA

**Heilsársáfangi

Vorönn 2018

Nemendur velja einn áfanga úr hvorri blokk og einn til vara. Einnig er hægt að velja einn áfanga utan blokka og sleppa þá annarri hvorri blokkinni í staðinn. Skráning fer fram í Innu.

Blokk 1	Blokk 3	Utan blokka
BHBL2VA05	EFNA3LY05	ENSK3PL05
EFNA3LR05	ENSK3PW05	ÍSLE2YN05
ENSK3AS05	LÍFF3VL05	STJÖ3AL05
FERÐ3EV05	STÆR4CA05	
FÉLA2LM05		
ÍSLE2KM05		
MYNL1GR05		
SAGA3FB05		
SÁLF2HÍ05		
STÆR3AV05		

